

- 231** Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjalds um leið og heimtaugar-  
4. nóv. uppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuðum á  
eftirstöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar brunabótamat hússins  
hefur farið fram.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en  
40 metrar, og/eða gildleiki víra meiri en  $3 \times 70 \text{ mm}^2$ , skal húseigandi greiða kostnað  
af því sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða  
allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

#### IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi  
komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust,  
og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 20 krónu gjald  
á skrifstofu rafveitunnar.

#### V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjald-  
skrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda aug-  
lýsi bæjarstjórn breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Keflavíkur hefur samið og samþykkt, stað-  
festist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12  
2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum  
þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Keflavíkur, nr. 6 18. jan.  
1949.

*Atvinnumálaráðuneytið, 4. nóvember 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Dorv. K. Þorsteinsson.*

- 232** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð Þjóðleikhússins“,  
7. nóv. útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. nóv. 1950.  
Skipulagsskráin er þannig:

### SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Þjóðleikhússins.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður á vögsludegi Þjóðleikhússins með 2000.00 króna fram-  
lagi frá Þjóðleikhússtjóra.

2. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum. Eigi má veita styrki úr honum fyrr  
en hann er orðinn 40000.00 krónur, og þá aldrei meira en nemur  $\frac{3}{4}$  ársvaxta höfuð-  
stólsins. Fé sjóðsins skal varðveita í ríkistryggðum verðbréfum eða á annan jafn-  
trygган hátt, að dómi sjóðsstjórnar.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita þeim fjárstyrk, er starfa við Þjóðleikhúsið og leita sér frekari menntunar í starfi sínu. 7. sept.

232

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Þjóðleikhússtjóri, sem jafnframt er formaður sjóðstjórnar, fulltrúi kjörinn af fastráðnum starfsmönnum, er vinna að listrænum störfum, og þriðji maður kosinn af meðstofnendum sjóðsins, en það teljast þeir vera, sem lagt hafa sjóðnum fé og skráð nöfn sín í stofnskrána fyrir birtingu hennar. Kjör stjórnenda gildir um tvö ár í senn.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárreiðum hans. Hún skal árlega birta reikninga sjóðsins í Lögbirtingablaði, er þeir hafa verið endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, sem fastráðnir starfsmenn leikhússins kjósa til tveggja ára í senn.

## 6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

## 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og breytingum, er á henni kunna að verða gerðar.

## 8. gr.

Skipulagsskrána skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 20. apríl 1950.

Í bráðabirgðastjórn Menningarsjóðs Þjóðleikhússins

Guðl. Rosinkranz. Arndís Björnsdóttir. Björn Þórðarson.

## AUGLÝSING

233

4. nóv.

um breyting á gjaldskrá fyrir vatnsveitufélag Seltirninga, nr. 20 21. janúar 1941.

## 1. gr. orðist svo:

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem standa á lóð, er liggur að vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, svo og öðrum húsum, er fá vatn leitt úr vatnsveitu félagsins, skal greiða vatnsskatt árlega, er sé 1% — einn af hundraði — af fasteignamatsverði húsanna.

Auk þessa gjalds greiðir húseigandi 10 krónur árlega fyrir hvern vatnskranu utan húss. Þó skal vatnskranu í utan húss þvottahúsi undanþeginn gjaldi þessu.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 4. nóvember 1950.*

F. h. r.

**Jónas Guðmundsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*